

Eiríkur Rögnvaldsson:

## Um íslenskunám við Háskóla Íslands síðasta áratug – og hvað svo?

### 1. Breytingar á B.A.-náminu undanfarinn áratug

Haustið 1977 var tekið upp einingakerfi í heimspekideild, í stað stigakerfisins sem gilt hafði rúman áratug. Allt nám er nú metið í einingum, og er gert ráð fyrir að hægt sé að ljúka B.A.-prófi, sem er 90 einingar (+ þrjár í filu) á þremur árum; fullt ársnám er talið 30 einingar. Samkvæmt reglugerð deildarinnar skulu námskeið að jafnaði vera 5 einingar eða margfeldi af 5. Nokkur námskeið í íslensku eru 2,5 einingar, og eitt er metið til 10 eininga.

Við upptöku einingakerfis varð í raun ekki stórvægileg breyting á námsefni; gömlu stigin voru tekin og skipt upp í 5 (eða 2,5) eininga pakka, þótt sums staðar þyrfti að klípa eilítið af og annars staðar að auka aðeins við. Hins vegar kom þarna inn dálítið val, vegna þess að aðalgrein varð nú stærri hluti heildarnámsins en áður (60 einingar af 90, í stað þriggja stiga af sex). Fyrsta veturinn eftir upptöku einingakerfis voru kenndar samtals 90 einingar í íslensku til B.A.-prófs; í vetur eru þær hins vegar orðnar 135. Það er því ljóst að valið hefur aukist allmikið. Kjarninn hefur hins vegar ekki stækkað; hann hefur allan tímann verið 40 einingar, 20 í málfræði og 20 í bókmenntum. Að vísu er hæpið að tala um fastan kjarna, því að bæði í málfræði og bókmenntum er nokkurt val innan hans.

Undanfarin 5 ár hefur verið hægt að taka B.A.-próf í aðeins einni grein. Meginhluti þeirra sem taka íslensku sem aðalgrein mun hafa valið þennan kost að undanfögnu. Þó taka líklega fæstir allar 90 einingarnar í íslensku; flestir taka einhver námskeið í öðrum greinum, einkum almennum málvísindum og almennri bókmenntafræði, og fá þau metin inn í íslenskunámið.

Það gefur augaleið að fjölbreytnin hefur aukist með auknu framboði. Í málfræði er nú lögð mun meiri áhersla á nútímamál en áður. Á fyrsta ári einingakerfisins var eitt námskeið sem hét Íslenskt nútíðarmál; á næsta ári verða fimm námskeið á þessu sviði: Hljóðfræði og hljóðkerfisfræði, Beyginga- og orðmyndunarfræði, Setningafræði, Merkingarfræði, Íslenskar mállýskur. Að auki hefur verið bætt við sérstöku námskeiði í handritalestri og filólógíu. Aðrir þættir eru svo svipaðir og áður; Íslenskt mál að fornu, Íslensk málsaga, Germönsk samanburðarmálfræði, Erunorræna og rúnir, Gotneska, Skýldleiki norrænna mála.

Í bókmenntum er einnig lögð aukin áhersla á nútímann, og kennt námskeiðið Bókmenntir á líðandi stund, þar sem fjallað er um bækur síðustu 1-2 ára. Einnig hafa verið teknar inn ýmsar greinar bókmennta sem áður hafði lítið verið fjallað um; Kvennabókmenntir, Barnabókmenntir, Afþreyingarbókmenntir. Tekið hefur verið upp sérstakt námskeið í bókmenntasögu frá og með rómantísku stefnunni. Í fyrra var svo í fyrsta sinn í boði námskeið í ritlist, þ.e. samningu fagurbókmennta. Auðvitað eru svo enn námskeið í þáttum eins og Fornum kveðskap, Sagnaritun, Ljóðagerð, Skáldsögum, Leikritun, Smásögum o.s.frv.

Til frekari glöggvunar fylgir hér tafla sem sýnir hvaða námskeið hafa verið kennd á B.A.-stigi í íslensku undanfarinn áratug.

# YFIRLIT YFIR ÞAU NÁMSKEIÐ SEM KENND HAFA VERIÐ Í ÍSLENSKU TIL B.A.-PRÓFS FRÁ UPPTÖKU EININGAKERFIS 1977

(Öll námskeið eru 5 einingar nema annars sé getið)

	77-8	78-9	79-0	80-1	81-2	82-3	83-4	84-5	85-6	86-7	87-8
01 Almenn málvísindi og hljóðfræði	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
02 Íslenskt nútíðarmál	x	x	x	x							
02 Íslenskt nútímamál I					x	x	x	x	x	x	x
03 Íslenskt mál að fornu	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
04 Íslensk málsaga	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
05 Forsaga íslensks máls	x	x	x	x							
05 Frumnorræna og rúnir					x		x	x	x	x	x
06 Gotneska	x	x	x	x	x	x		x	x	x	x
07 Skyldleiki norrænna mála	x	x	x	x	x	x	x		x	x	x
08 Hagnýt málfræði	x		x		x	x	x	x	x	x	x
09 Æfingar í málfræði	x	x	x	x	x		x	x	x	x	x
31 Íslenskt nútímamál II					x	x	x	x	x	x	x
32 Íslenskar mállýskur					x	x			x	x	x
33 Handritalestur					x		x		x	x	x
34 Germönsk samanburðarmálfræði (2 1/2 e)					x	x	x		x	x	x
35 Íslenskt ritmál og stafsetning						x					
36 Íslenskt nútímamál III							x	x	x		x
37 Setningafræði											x
10 Bókmenntafræði	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
11 Forn kveðskapur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
12 Sagnaritun I	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
13 Ljóðagerð eftir 1880	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
14 Skáldsögur	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
15 Sagnaritun II	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
16 Yfirlit bókmennta frá siðaskiptum til raunsæis	x	x	x		x	x	x	x	x	x	x
16 Leikritun og smásögur	x	x	x								
17 Leikritun				x	x	x			x		x
18 Bókmenntir fyrir börn og unglínga	x		x	x	x	x			x		
19 Stílfræði	x		x	x	x	x	x		x	x	x
20 Fyrirlestrar í bókmenntum (2 1/2 e)		x	x	x	x	x	x	x		x	x
22 Rannsóknaraðferðir og textagreining		x	x	x	x	x	x		x	x	
23 Ritlist (10 e)											x
24 Bókmenntir á líðandi stund (2 1/2 e)			x	x	x	x	x	x	x	x	x
26 Smásögur				x	x		x		x		x
27 Afþreyingarbókmenntir (2 1/2 e)					x	x	x				
28 Saga íslenskra kvennabókmennta				x	x						x
29 Framburður og framsögn (0 e)					x	x					
30 Straumar og stefnur í íslenskum bókmenntum					x	x	x	x	x	x	x
38 Myndlestur: Kvikmyndir og bókmenntir (2 1/2 e)											x

## Athugasemdir:

- 02 Þessu námskeiði var skipt í tvennt frá hausti 1981.
- 06 Fyrsta árið var Gotneska innifalin í Forsögu íslensks máls, sem var 10 einingar.
- 16 (Leikritun og smásögur) Þessu námskeiði var skipt í tvö 2 1/2 einingar námskeið 1980-1.
- 17 Var upphaflega 2 1/2 eining; stækkað 1983-4.
- 18 Var upphaflega 2 1/2 eining; stækkað 1982-3.
- 19 Var upphaflega 2 1/2 eining; stækkað 1987-8.
- 22 Hét í upphafi Rannsóknaraðferðir og ritgerðasmíð og var 2 1/2 e; stækkað 1981-2; nafni breytt 1986-7.
- 26 Var upphaflega 2 1/2 eining; stækkað 1983-4.
- 28 Hét í upphafi Kvinnabókmenntir og var 2 1/2 eining; stækkað og nafni breytt 1987-8.
- 32 Var upphaflega 2 1/2 eining; stækkað 1985-6.
- 33 Hét í upphafi Textalestur og var 2 1/2 eining; nafni breytt 1983-4; stækkað 1986-7.
- 36 Var upphaflega framhaldsnámskeið, en breytt í kjarnanámskeið 1987-8.
- 38 Var stækkað í 5 einingar og gert að sameiginlegu valnámskeiði nokkurra greina 1987-8.

Auk þessa má nefna að allan tímann hafa verið kennd eitt eða fleiri námskeið á vetri sem ekki teljast innan íslensku, en eru þó sjálfkrafa metin sem valnámskeið; þar er einkum um að ræða Þjóðfræði, sem síðari árin hefur skipst í tvö námskeið: Þjóðsögur og Þjóðkvæði. Einnig má nefna Táknfræði.

Þetta eru auðvitað bara nöfn, og innihald námskeiðs getur auðvitað breyst þótt nafnið haldist, sérstaklega ef nýr kennari tekur við. Því er væntanlega óhætt að fullyrða að íslenskunámið hafi breyst meira á þessum tíma en breytingarnar á nöfnum námskeiða segja til um; samt má eflaust finna einhver námskeið sem litlum breytingum hafa tekið. Þau þurfa vissulega ekki að vera verri fyrir það; auðvitað er misjafnt hvert tilefni gefst til breytinga.

Fjöldi innritaðra stúdenta hefur verið nokkuð jafn allan þennan tíma; yfirleitt hafa á bilinu 40-60 nýnemar innritast á ári, en aldrei koma þeir allir til náms, og sumir hætta fljótt. U.þ.b. helmingur þeirra skilar sér að jafnaði á annað ár.

## 2. Hvað er í vændum?

Hefur B.A.-námið í íslensku batnað á þessum áratug? Ég ætti kannski að geta sagt eitthvað um það, því að ég hef haft nán kynni af greininni allan þennan tíma, fyrri 5 árin sem nemandi, síðan sem kennari. En sjónarhorn nemenda og kennara eru auðvitað ólík. Þó vil ég leyfa mér að fullyrða að námið hafi batnað á margan hátt; fjölbreytnin hefur aukist, ritgerðum og verkefnum fjölgað að mun á kostnað munnlegra og skriflegra prófa, þannig að álagið dreifist nú jafnar en áður; og ég held að kröfur hafi aukist talsvert.

En auðvitað má lengi bæta námið. Rétt er að taka eftir, að skipulag námsins hefur verið lengi við lýði; ekki varð nein stórkostleg breyting á því, þegar náminu var skipt upp í einingar 1977. Síðan hefur námið í raun og veru aldrei verið hugsað upp á nýtt alveg frá grunni. En það má auðvitað velta ýmsu fyrir sér; er hinn skarpi aðskilnaður milli málfræði og bókmennta t.d. heppilegur að öllu leyti? Er skynsamlegt að taka fyrir t.d. skáldsögur, ljóð, leikrit, smásögur o.s.frv. frá sama tímabili í aðskildum námskeiðum, eða ætti frekar að taka efnið fyrir eftir höfundum, bókmenntastefnum, þemum eða öðru? Er kennsla um íslenskt mál að fornu og íslenska málsögu orðin of lítil í hlutfalli við annað?

Svo mætti lengi spyrja; og nú stendur til að reyna að svara einhverju af þessum spurningum. Verið er að athuga hvernig háskólamenntun í móðurmáli er skipulögð annars staðar á Norðurlöndum, og síðan er ætlunin að gera einhverjar tillögur um breytingar á náminu hér. Þar eð þegar hefur verið gengið frá kennsluskrá næsta vetrar, myndu þær breytingar ekki taka gildi fyrr en haustið 1989.

Námið á kandiðatsstigum hefur tekið talsverðum breytingum á þeim áratug sem hér um ræðir. Fyrir 10 árum voru flestir tímar á kandiðatsstigum milli kl. 5 og 7 á daginn; þetta hentaði vel þeim sem voru í fullri vinnu með náminu, en öðrum auðvitað síður, enda voru fáir eingöngu í námi. Þetta hefur gerbreyst; nú eru kennslustundir flestar á skikkanlegum tíma dagsins, og nemendur eru sjaldnast í fullri vinnu með, þótt sumir séu að vísu í hlutastarfi.

Fjöldi stúdenta á kandiðatsstigum hefur verið mjög mismunandi. Á árunum kringum 1980 komu óvenju sterkir árgangar inn í B.A.-námið, og það fólk flyktist svo upp á kandiðatsstig, bæði í málfræði og bókmenntum. Nú er flest af því útskrifað, eða á ritgerðina eina eftir; en endurnýjunin lætur á sér standa, og kandiðatsstúdentar eru nú mjög fáir, þannig að námskeið falla jafnvel niður vegna stúdentafæðar. Þetta er auðvitað mjög slæmt, og er vonandi tímabundið. Það er bráðnauðsynlegt að þeim fjölgi sem taka kandiðatspróf í íslenskri málfræði eða bókmenntum; engin ástæða er til annars en ætla að þeir muni fá næg verkefni við sitt hæfi.

Eitt af því sem stundum hefur verið gagnrýnt við íslenskunámið í Háskólanum er að það búi menn ekki nægilega vel undir kennslu í grunn- eða framhaldsskólum. Þetta kom m.a. fram í skýrslu Baldurs Hafstað í haust, og viðbrögðum við henni. Reyndar held ég að sú gagnrýni eigi ekki að öllu leyti við lengur; ég held nefnilega að námið eins og það er núna sé miklu hentugri undirbúningur fyrir þá sem fara í kennslu en námið eins og það var fyrir 10 árum.

Því má nefnilega ekki gleyma, að gamla B.A.-prófið var aldrei hugsað sem neitt lokapróf, heldur sem áfangapróf og undirbúningur undir kandídatnámi. Samsetning þess var þess vegna ekkert sérlega heppileg sem kennaramenntun; a.m.k. á þetta við um málfræðinámið. Þegar B.A.-próf (að viðbættu prófi í uppeldis- og kennslufræði) fór síðan að gefa rétt til framhaldsskólakennslu um 1970, varð það hins vegar að lokaprófi hjá flestum. Þess vegna voru menn eiginlega skildir eftir í lausu lofti eftir gamla B.A.-prófið, og ég held að það hafi tekið nokkur ár að laga það. Aukin áhersla á nútímamál, auk þess möguleika að taka 90 einingar í íslensku einni, ætti hins vegar að hafa komið kennurum til góða.

Eigi að síður má vel fallast á að B.A.-námið búi menn ekki nægilega vel undir kennslu. Spurningin er hins vegar hvort það eigi að gera það. Mín skoðun hefur lengi verið sú að það sem þyrfti væri miklu frekar **meira** nám en **öðruvísi** nám; að því menntaðri sem menn væru, þeim mun auðveldara ættu þeir með að aðlaga sig aðstæðum og bregðast við vandamálum, hvort heldur er í kennslu eða annars staðar. En um þetta má deila, og ég veit að margir eru annarrar skoðunar.

### 3. Viðbótarnám fyrir verðandi kennara

Nú hefur verið ákveðið að gera tilraun með að auka þann undirbúning sem íslenskunemar eiga kost á fyrir kennslu í framhaldsskólum. Þetta verður gert með því móti að útbúa 30 eininga heild sem taka má að loknu B.A.-prófi. Þetta verða sex 5 eininga námskeið, þrjú í málfræði og þrjú í bókmenntum. Þrjú þessara námskeiða eru ný, en hin hafa áður verið kennd á B.A.-stigi; þeim verður þó öllum breytt nokkuð.

Í fjórum þessara námskeiða er einkum fengist við **meðferð texta**. Málfræðimegin eru þar námskeið sem nefnast Meðferð talaðs máls og Meðferð ritaðs máls; bókmenntamegin eru svo námskeiðin Stílfraði og Rannsóknaraðferðir og ritgerðasmíð.

Meðferð talaðs máls er nýjung. Þar verður farið vandlega í íslenska hljóðmyndun, kenndur framburður og framsögn, og raddbeiting þjálfuð. Einnig verður fjallað ítarlega um áherslur og hrynjandi; og hugsanlega eitthvað um önnur atriði, s.s. talgalla.

Meðferð ritaðs máls er í meginatriðum það sem heitið hefur Hagnýt málfræði. Þar er fjallað um málstefnu og málnotkun, nýyrðasmíð og íðorðastarfsemi. Einnig verða nemendur þjálfaðir í notkun handbóka og orðabóka, og farið eitthvað í ritgerðasmíð og fleira, ef tími vinnst til.

Stílfraði hefur verið kennd oft áður, en verður nú breytt nokkuð. Þar verður fjallað almennt um stíl sem tjáningar- og skynjunarhátt, og retórik sem málmynda- og hugmyndakerfi. Reynt verður að líta yfir helstu tæki málsins frá þessum sjónarhóli og notkun þeirra í ritmáli. Þá verða ýmsir íslenskir tímabila- og tegundastílar kynntir.

Rannsóknaraðferðir og ritgerðasmíð er einnig námskeið sem oft hefur verið kennt (síðast undir nafninu Rannsóknaraðferðir og textagreining), en verður einnig breytt nokkuð. Þar er gefið yfirlit yfir þróun aðferða við bókmenntarannsóknir á seinustu áratugum, og verk frá ýmsum tímum lesin og skoðuð í ljósi sálgreiningar og táknafræði. Einnig verða gefnar almennar leiðbeiningar um gerð ritdóma og ritgerða.

Við þetta bætast tvö ný námskeið: Málfræði í framhaldsskóla og Bókmenntakennsla í framhaldsskóla. Þar er meiningin að fjalla um hvernig best sé að matreiða námsefnið ofan í nemendur; hvað beri að kenna og hvernig kennslubækur eigi að vera. Gert er ráð fyrir að kennslubækur sem notaðar eru í framhaldsskólum verði teknar fyrir og greindar. Hugsanlegt er að reynt verði að semja eitthvert tilraunakennsluefni. Einnig verður fjallað um muninn á málfræði og bókmenntafræði sem vísindagreinum annars vegar og kennslugreinum hins vegar. Áhersla verður lögð á að fá reynda framhaldsskólakennara til samstarfs í þessum námskeiðum, og munu þeir væntanlega kenna þau að verulegu leyti.

Í þessu sambandi er rétt að geta þess að nú er verið að gera talsverðar breytingar á náminu í uppeldis- og kennslufræði. Uppeldis- og sálfræðileg teóriunámskeið fá minna vægi (fara úr 15 einingum niður í 9), en tekin verður inn kennslufræði einstakra greina, sem kennd verður af fólki úr viðkomandi greinum. Þannig verður næsta vetur 5 eininga námskeið í kennslufræði íslensku, þar sem fjallað verður um kennsluáferðir; hvernig er t.d. best að kenna stafsetningu? Hvað á að kenna með fyrirlestur, hvenær hentar hópvinna? O.s.frv. Verkaskiptingin milli þessa námskeiðs og hinna nýju námskeiða í íslenskunni verður sem sagt í stórum dráttum sú, að í íslenskunni verður aðalspurningin **hvað** eigi að kenna, en í kennslufræðináminu **hvernig** eigi að fara að því.

#### 4. Hvað svo?

Eins og áður segir er þetta viðbótarnám einkum ætlað þeim sem hugsa sér að fara í kennslu, og vilja bæta undirbúning sinn á því sviði. Eftir sem áður mun auðvitað B.A.-próf + uppeldis- og kennslufræði (120 einingar) veita full réttindi til framhaldsskólakennslu. Hins vegar er rétt að geta þess að nú er talsverð hreyfing á málum er varða kennaramenntunarhlutverk Háskólans. Skipuð hefur verið sérstök kennaramenntunarnefnd, sem ætlað er að gera tillögur um þessi mál og hafa samstarf við önnur skólastig. Í einhverjum greinum eru þegar til sérstök námskeið ætluð verðandi kennurum, og víða er á döfnni að taka upp slík námskeið. Þá hefur verið til umræðu innan Háskólans að taka upp framhaldsnám (mastersnám) að loknu B.A.- eða B.S.-prófi í ýmsum greinum, og gæti þetta e.t.v. fallið þar inn í, er fram líða stundir.

Í þessu sambandi má minna á að nefnd sú sem samdi í fyrra álitserð um framburðarkennslu og málvöndun lagði mikla áherslu á að endurmenntun starfandi kennara yrði vel sinnt; vonandi getur þetta orðið liður í henni. Á hverju ári koma einn eða fleiri íslenskukennarar í leyfi og setjast í námskeið í Háskólanum; væntanlega geta einhver þessara námskeiða komið þeim að gagni, og öðrum sem áhuga hafa. Lögð verður áhersla á að hafa tíma sem samfelldasta (t.d. fjóra tíma í röð, þrisvar í viku) og ganga frá stundaskrá fyrir vorið, þannig að starfandi kennarar sem hafa áhuga á þessu geti hugsanlega látið semja stundaskrár sínar með hliðsjón af því.

Nú má gera ráð fyrir að ýmsir geti ekki eða vilji ekki bæta heilum vetri ofan á B.A.-prófið, enda þótt þeir ætli sér í kennslu og vilji gjarna taka þau námskeið sem teljast til þessa viðbótarnáms. Þeim gefst kostur á að taka tvö námskeið (10 einingar) úr viðbótarnáminu inn í B.A.-próf sitt; meira svigrúm gefst hvort eð er varla hjá þeim sem taka íslensku sem 60 eininga aðalgrein. Einnig er gert ráð fyrir að námskeiðin í viðbótarnáminu séu mörg frekar hagnýts en fræðilegs eðlis; með því að meta fleiri en tvö þeirra inn í B.A.-námið væri verið að slá óeðlilega mikið af þeim fræðilegu kröfum sem nauðsynlegt er að gera þar.

Einnig er hugsanlegt að einhverjir sem byrja á að taka þetta viðbótarnám söðli síðar um og ákveði að taka kandidateispróf, annaðhvort í málfræði eða bókmenntum. Þeir myndu þá

væntanlega geta fengið þann hluta viðbótarnámsins (15 einingar) sem telst til viðkomandi greinar metin upp á kandiðatsstig (þ.e. málfræðinámskeiðin á kandiðatsstig í málfræði, bókmenntanámskeiðin á kandiðatsstig í bókmenntum).

Lögð skal áhersla á að hér er um tilraun að ræða, og fer eftir ýmsu hvort henni verður haldið áfram. Í fyrsta lagi fer það auðvitað eftir viðtökum; ef enginn sýnir þessu áhuga, hvorki íslenskunemar né starfandi kennarar, er sjálfhætt. Í öðru lagi fer framhaldið eftir fjárveitingum. Þetta kostar peninga eins og önnur aukning kennslu; nú reynir á hvað stjórnvöld meina með öllum fögru orðunum um eflingu íslenskukennslu. Í þriðja lagi fer þetta eftir því hvort hæfir kennarar af öðrum skólastigum fást til samstarfs; ef ekki er þetta dauðadæmt. Í fjórða lagi er eftir að ganga frá því hvort Lánasjóður íslenskra námsmanna veiti lán til þessa náms. Og auk þess er örugglega ýmislegt sem eftir á að koma í ljós, en getur skipt sköpum um framhaldið.